

Frjó hugsun og frægir lesblindir

Í viðskiptablaðinu Fortune birtist athyglisverð grein 13. maí 2003 eftir Betsy Morris. Þar eru viðtöl við lesblinda einstaklinga sem áttu í miklum erfiðleikum í námi í grunn- og framhaldsskólum en hafa náð langt á ýmsum sviðum. Einn þeirra er t.d. Sir Richard Branson sem eignaðist sín fyrstu milljón pund 18 ára gamall og er í dag milljarðamæringur, en hann er stofnandi Virgin Megastore. Annar lesblindur viðskiptajöfur að nafni John Chambers segist geta í hugsun sinni stokkið frá a til z, hann sér fyrir sér skák í mörgum lögum og getur þannig séð fyrir leiki. Þetta kemur sér vel í viðskiptum. Árið 1993 gat hann séð fyrir þróunina í netheimum sem kom sér vel fyrir fyrirtækið Cresco, þar sem hann starfaði. Sá þriðji, Craig McCraw, skildi ekki svartsýni manna varðandi fyrstu þráðlausu símana, það hlyti að auðvelda lífið fyrir skrifstofufólk ef það losnaði við snúrurnar. Hann fékk með sér hóp af fólki sem skipulagði hvað gera þurfti og síðan stofnaði hann farsímaverksmiðju sem hann seldi árið 1994 fyrir 11.5 milljarð dollara. Diana Swonk, yfirhagfræðingur Bank One í Bandaríkjunum, gat spáð fyrir um hvenær verðbréfamarkaðurinn þar í landi myndi rétta úr kútnum eftir hrunið 1999. Hún getur samt ekki hringt í síma og á í erfiðleikum með stærðfræði þar sem hún víxlar og skiptir um tölur. Hún veit heldur aldrei í hvora áttina hún á að fara þegar hún stígur út úr lestinni sem hún tekur í vinnuna.¹

Samkvæmt niðurstöðu rannsóknar sem gerð var á breskum auðmönnum greindust 40% af 300 manna úrtaki lesblindir.² Ætla má að mannauður fari forgörðum ef ekki er gert ráð fyrir að hugsunarferli okkar er mismunandi. Lesblindir eru iðulega mjög hugmyndaríkir en hugsa öðru vísi og geta verkað á aðra sem mjög óskipulegir og ruglingslegir. Við verkefnavinnu í skólum getur verið árangursríkt að para saman einstaklinga sem styrkja hver annan, þar sem t.d. einn er góður hugmyndasmiður, annar góður að skipuleggja o.frv. Þetta getur þó verið erfitt fyrir kennara því ekki vilja nemendur alltaf láta velja sig saman. Lesblindir fá oft góðar hugmyndir,

¹ Morris, Betsy.(13.maí 2002). Overcoming dyslexia. Fortune (bls.51).

²Are Dyslexia and Wealth Linked? 2003 Study Finds Individuals with Dyslexia More Likely to Be Millionairesp By: LD Online. Sótt 6.febrúar 2005 af <http://www.dys-add.com/symptoms.html>

t.d. hvernig leysa skuli verkefni en eiga erfitt með að tjá þær á skipulegan hátt. Þeir koma kannski hugmynd á framfæri en það eru ef til vill aðrir sem nýta sér þær og útfæra, gera jafnvel að sínum hugmyndum sem er sárt fyrir hugmyndasmiðinn.


Sem börn og reyndar fullorðnir líka eru margir lesblindir uppteknir að því hvernig hlutir virka og hvernig þeir eru samsettir. Klukkur og útvörp eru tekin í sundur og sett saman á hárréttan hátt. Síðar meir geta þeir gert við hluti eins og þvottavélar, bíla eða loftræstingarkerfi án þess að hafa lært slíkt. Einn slíkur hagleiksmaður skoðar fyrst hvernig allt vinnur saman, hvaða hlutverki hver hlutur gegnir og þá getur hann séð hvaða hlutur heildarinnar vinnur ekki rétt. Þar er þá orsök bilunarinnar en hann getur ekki útskýrt ferlið fyrir öðrum. Heildarsýn og tengsl milli einstakra hluta heildarinnar og hlutverk hvers hlutar í heildinni virðist skipta hér miklu máli. Margir fullorðnir lesblindir eiga það sameiginlegt að hafa fengið lágar einkunnir og hætt snemma í skóla. Sjálfsmat þeirra og sjálfsvirðing er oft í lágmarki þrátt fyrir að þeir hafi komist vel áfram í lífinu og hafi getað leyst af hendi ýmis verkefni sem aðrir þurftu skipulagða menntun til. Viðfangsefni eins og t.d. að smíða eldhúsinnréttingar, sólpalla eða annað eftir eigin höfði, reka fyrirtæki og takast á við margs konar áþreifanleg vandamál vina og vandamanna.

©Elín Vilhelmsdóttir

Albert Einstein fór ekki að tala fyrir en þriggja ára gamall og var síðar álitinn af kennurum tregur og latur jafnvel þroskaheftur.




Sir Winston Churchill átti í námserfiðleikum í grunnskóla. Hann féll tvisvar á inntökuprófi í Royal Military College, Sandhurst en komst inn í skólann í þriðju tilraun. Hann stóð sig mjög vel í skólanum og var áttundi hæsti af 150 nemendum við útskrift.



Jamie Oliver einn frægasti sjónvarpskokkur (The Naked Chef) allra tíma er lesblindur. Hann hefur rekið vinsæl veitingahús í Bretlandi og haft áhrif á mataráhuga fólks víða um heim.



Agatha Christie glæpasögudrottning varð fljót læs en átti alltaf erfitt með stafsetningu og stærðfræði. Hún virðist hafa verið með það sem sumir nefna skrifblindu, hún var þrátt fyrir það afkastamikill rithöfundur.



Metsölurithöfundurinn John

Irving er með dyslexíu og átti mjög erfitt með að læra að lesa. Sumar bækur hans hafa verið kvikmyndaðar t.d. *A Prayer for Owen Meany* og *The Cider House Rules* og hlaut hann Óskarinn fyrir handritið að *The Cider House Rules* árið 2000. Irving var ári lengur en jafnaldrar hans að ljúka framhaldsskólanámi.




Jay Leno þáttastjórnandi fer aldrei dult með lesblindu sína.



Tom Cruise átti í miklum námserfiðleikum í skóla vegna dyslexíu. Stafirnir á blaðsíðunni urðu að merkingarlausu skrýtnu kroti þegar hann reyndi að lesa.

Mynd (frá 1927) eftir Pablo Picasso sem er heimspekkur fyrir kúbísk verk sín. Picasso var með dyslexíu og um tíma á eftir jafnöldrum sínum í skóla, hann hafði í raun aldrei gagn af skólagöngu eða námi.





Edison er líklega þekktastur fyrir að finna upp ljósaperuna. Hann sótti um einkarétt á samtals 1094 uppfinningum. Edison var rekinn úr skóla þegar hann var 12 ára vegna þess að hann var talinn mállaus. Honum gekk hræðilega að læra stærðfræði, gat ekki haldið einbeitingu og átti í erfiðleikum með orð og að tjá sig munnlega.

Teikning af þyrlu eftir Leonardo Da Vinci (1452 – 1519) sem var langt á undan sinni samtíð sem hugsuður og vísindamaður. Hann er talinn hafa verið lesblindur því hann skrifaði spegilskrift og stafsetti orð sérkennilega og sama orðið jafnvel mismunandi. Hugmyndir sínar útskýrði hann með þrívíddar teikningum.



Sir Richard Branson eigandi Virgin Megastore er mjög lesblindur. Skólagangan var honum martröð. Um 1970 hóf hann að selja vínylplötur samkvæmt pöntunum en stofnaði fljótlega fyrstu verslunina sem í dag er orðin að verslunarkerðju og hefur gert hann að margföldum milljarðarmæring.

Eftirfarandi einstaklingar áttu við námserfiðleika að etja sem falla undir dyslexíu en ekki er staðfest hvers konar örðugleikar það voru.

H. C. Andersen	Harry Belafonte (leikari og söngvari)
Billy Banks	Edgar Allan Poe
Julius Verne	Dwight D. Eisenhower
Steve McQueen	Jack Nicholson
Robin Williams	Sylvester Stallone
Anthony Hopkins	Dustin Hoffman
Magic Johnson	Carl Lewis
Beethoven	Mozart
John Lennon	Alexander Graham Bell
Julius Cesar	Richard Camberlain
Sir Winston Churchill	Konstanín fyrrv. Grikklandskonungur
Susan Hampshire	Charles Darwin
Walt Disney	Thomas Edison
Michalelangelo	Vincent VanGogh
Albert Einstein	Henry Ford
Wright bræður	Galileo
Loui Pasteur	Hugh Newell Jacobsen (frægur arkitekt, handhafi 90 verðlauna)
W.B. Yeats	Ben Johnson
Margaux Hemmingway	Benjamin Franklin
Cher	Whoopi Goldberg
Tom Cruise	George S. Patton hershöfðingi
Napoleon	Oliver Reed
Pablo Picasso	Franklin D. Roosevelt
Nelson Rockefeller	Lindsay Wagner
Mark Twain	Danny Clover
George Washington	Quentin Tarantino
Loretta Young	
Dr. Harwey Cushing (kallaður faðir nútíma heilaskurðaðgerða)	

Heimildir og myndir:

Winston Churchill http://en.wikipedia.org/wiki/Winston_Churchill#Speech_impediment

Einstein http://www.time.com/time/time100/poc/einstein_photo/einstein1.html

Myndin af Agöthu Christie <http://www.istanbulguide.net/istguide/people/passants/agatha.htm>

Upplýsingar um Agöthu Christie

<http://www2.fa.is/~sveinbjorg/setur1/reynslus%F6gur/agata.html>

John Irving <http://www.achievement.org/autodoc/page/irv0bio-1>

Jay Leno – mynd af <http://www.biggeststars.com/j/jay-leno-photo-7.html>

Tom Cruise http://www.tiscali.co.uk/entertainment/film/biographies/tom_cruise_biog/2

Mynd af Jamie Oliver http://www.bbc.co.uk/food/chef_biogs/m.shtml

Upplýsingar um Picasso

<http://www.nhusd.k12.ca.us/Kit/students/student%20web%20pages/Student%20Work/Fermin/bond.html>

Mynd eftir Picasso <http://entertainment.webshots.com/album/556949129hUjLCR?start=96>

Mynd og upplýsingar um Edison <http://www.dyslexiaonline.com/famous/famous.htm#edison>

Mynd og upplýsingar um Leonardo Da Vinci <http://www.dyslexia.com/leonardo.htm>

Mynd og upplýsingar um Richard Bransons http://en.wikipedia.org/wiki/Richard_Branson

©Elín Vilhelmsdóttir